

40. tbl.

18. okt. 2023

30 árg.

Hlaupastelpan

Útgefandi og ábyrgðarmaður: Dagný Pétursdóttir-hlaupastelpan@isl.is - s: 8953386

Haustfundur Kvenfélags Fnjóskdæla

Verður haldinn í Gamla barnaskólanum Skógum
mánudaginn 23. okt. kl 20:00

Venjubundin fundarstörf að mestu ☑
Gaman væri að sjá nýja féлага

Vonumst til að sjá ykkur sem flestar
Stjórn Kvenfélags Fnjóskdæla

Styrkir til lista- og menningarstarfs



Þingeyjarsveit

Íþróttá og tómsfundanefnd Þingeyjarsveitar auglýsir eftir umsóknum um styrki vegna lista- og menningarstarfs á árinu 2023. Bæði einstaklingar og félagasamtök geta sótt um styrki og metur nefndin hvaða verkefni eru styrkhæf og hver ekki. Félagasamtök þurfa að skila inn ársreikningi liðins árs með umsókn. Þá ber öllum að skila inn til nefndarinnar greinargerð um framgang verkefnis og ráðstöfun styrkfjár innan árs frá styrkveitingu. Umsóknum skal skilað á heimasíðu Þingeyjarsveitar.

Umsóknir og fylgiskjöl skulu berast í síðasta lagi 30. október n.k.

Ath. minnum styrkþega 2022 á að skila inn greinargerð um framgang verkefnis og ráðstöfun styrkfjár á netfangið [itmnn-efnd@thingeyjarsveit.is](mailto:itmnn@thingeyjarsveit.is)

Íþróttá- tómsfundanefnd Þingeyjarsveitar



Bleik messa í Reykjahliðarkirkju

Sunnudaginn 22.okt. kl. 14.00

Sameiginleg messa Skútustaðaprestakalls og Einarstaðasóknar.

Nú komum við saman til góðrar stundar í tilefni af bleikum október. Kirkjugestir hvattir til að mæta í bleiku. Safnað verður til styrktar Krabbameinsfélagi Suður- Þingeyinga. Kirkjukórarnir flytja hugljúfa sálma og lög undir stjórn Attila Szebik.
Sr. Örnólfur J. Ólafsson og sr. Sólveig Halla Kr. leiða stundina.

Verið hjartanlega velkomin



Þingeyjarsveit

Viðtalstími sveitarstjórnarfulltrúa í Ýdölum

Opinn viðtalstími sveitarstjórnarfulltrúa verður í **Ýdölum** þriðjudaginn **24. október** nk. frá kl. 16-18.

Á fundinum gefst íbúum tækifæri á að ræða við sveitarstjórnarfulltrúa málefni sem snerta sveitarfélagið.

Sveitarstjórn hvetur íbúa til að notafæra sér þessa viðtalstíma.